

Kynning á starfsemi
Samkeppniseftirlitsins

Virk samkeppni -hagur almennings

Efnisyfirlit

Samkeppni í litlu landi – aðfaraorð formanns stjórnar	bls. 4
Verk að vinna – inngangur forstjóra	bls. 5
Ný samkeppnislög – breytt stjórnslóga	bls. 6
Hvernig stuðlar Samkeppniseftirlitið að virkri samkeppni?	bls. 7
Hvernig er hægt að fá mál tekin upp hjá Samkeppniseftirlitinu?	bls. 8
Hvað taka mál langan tíma hjá Samkeppniseftirlitinu?	bls. 9
Skipurit sniðið að árangurs- og verkefnastjórnun	bls. 10
Samkeppniseftirlitið setur sér markmið og hyggst fylgja þeim eftir með mælingum	bls. 11
Erlent samstarf og símenntun lykilþættir í mótun skilvirks samkeppniseftirlits	bls. 12
Samkeppniseftirlitið á Netinu	bls. 13
Verkefni á árinu 2005	bls. 14
Ákvarðanir og álit samkeppnisráðs janúar – júní 2005	bls. 16
Ákvarðanir og álit Samkeppniseftirlitsins júlí – desember 2005	bls. 18

Útgefandi



Rauðarárstíg 10, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík

Samkeppni í litlu landi

Starf samkeppnisyrvalda er alls staðar vandasamt en sennilega óvída eins krefjandi og hérlendis. Á smáum og að ýmsu leyti einangruðum markaði eins og þeim íslenska verður fákeppni nánast reglan. Í slíku umhverfi skiptir miklu að starf samkeppnisyrvalda sé árangursríkt.

Samkeppniseftirlitið þarf að stuðla að virkri samkeppni þótt keppinautar séu fáir. Það er enn mikilvægara hérlendis en víðast hvar erlendis að tryggja að sem flestir markaðir séu opnir fyrir nýjum aðilum, hvort heldur er innlendum eða erlendum. Smæðin eykur líkurnar á því að eitt fyrirtæki nái markaðsráðandi stöðu eða að tvö til þrjú geri það sameiginlega. Það kallar á öflugt eftirlit til að koma í veg fyrir misnotkun á þeirri stöðu.

Þótt aðstæður hérlendis geri sumt í vinnu Samkeppniseftirlitsins erfiðara eða brýnna en erlendis eru viðfangsefnin þó í grundvallaratriðum hliðstæð. Lagaleg og hagfræðileg álitamál eru að mestu þau sömu hérlendis og í öðrum vestrænum ríkjum og greitt er úr þeim með svipuðum aðferðum.

Í samanburði við systurstofnanir í nágrannalöndunum er Samkeppniseftirlitið smá stofnun. Með þungri áherslu á vönduð vinnubrögð, virku alþjóðlegu samstarfi og starfsmannastefnu sem laðar að vel menntað fólki og hvetur til símenntunar, er samt hægt að tryggja að fagleg vinna að þessum málaflokki hérlendis standist vel samanburð. Það er óhjákvæmilegt ef starfið á að skila þeim árangri sem að er stefnt. Ef starf samkeppnisyrvalda byggir ekki

á traustri hagfræðilegri greiningu og réttri lögfræði er hætt við því að beiting þess valds sem þeim er falið verði til tjóns og vinni jafnvel gegn markmiðum samkeppnislaga.

Það liggur í hlutarins eðli að niðurstaða í einstökum málum er sjaldnast öllum að skapi. Ef vel er á málum haldið á þó starf samkeppnisyrvalda að geta notið víðtæks stuðnings almennings, stjórnvalda og atvinnulífs. Skýrar og eðlilegar samkeppnisreglur og skilvirkt eftirlit með þeim skila öllum ávinningi. Það er ótvírætt reynsla þeirra þjóða sem hafa rutt brautina og mótað nútíma löggjöf um samkeppnismál og venjur um samkeppniseftirlit.

Þótt það kunni að vera þægilegt þegar til skamms tíma er litið að búa við litla samkeppni, vera í einokunaraðstöðu eða skipta markaði með öðrum þá sýnir sagan að slíkum fyrirtækjum farnast nær alltaf illa þegar til lengdar lætur. Þau koðna niður, kostnaður verður of mikill og nýsköpun lítil. Fyrirtæki í þessari stöðu geta jafnvel eitruð út frá sér og eru yfirleitt slæmir birgjar eða kaupendur frá sjónarhóli annarra fyrirtækja. Þau verða aldrei samkeppnishæf utan heimamarkaðar og eiga litlar varnir þegar keppinautum tekst loks að ryðjast inn á markað þeirra. Þangað til geta þau valdið miklu tjóni. Neytendur greiða hátt verð fyrir vondar vörur eða þjónustu og atvinnulífið skapar minni verðmæti en hægt væri. Það er engum greiði gerður með því að láta slíka stöðu afskiptalaus.

Gylfi Magnússon, formaður stjórnar



Verk að vinna

Samkeppniseftirlitið hefur starfsemi á tímum ólgu og umbreytinga í atvinnulífinu. Aukin samþjöppun og alvarleg dæmi um brot á samkeppnislögum, sem upplýst hafa verið á síðustu árum, benda til þess að nauðsynlegt sé að herða tókin í framkvæmd samkeppnislaga. Markmið okkar er að skapa þannig umhverfi í íslensku atvinnulífi að enginn geti áhyggjulaust tekið þátt í ólögum samráði eða misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Jafnframt hyggjumst við fara í saumana á frekari samþjöppun á fákeppnismörkuðum.

Samkeppniseftirlitið leggur í fyrstu áherslu á að fylgjast með samkeppnisumhverfi á þremur sviðum atvinnulífsins; á matvörumarkaði, í fjármálaþjónustu og á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar. Öll eiga þau það sammerkt að skipta neytendum miklu máli. Þau hafa jafnframt tekið miklum breytingum á undanföllum árum, oft í átt til aukinnar fákeppni.

Áherslur Samkeppniseftirlitsins á þessum sviðum koma fram með ýmsum hætti. Þannig hefur eftirlitið hafið – og eftir atvikum leitt til lykta – rannsóknir á mörkuðum sem falla undir þessi svið, granskoðað tilkynnta samruna, beint tilmælum til stjórnvalda

er tengjast matvörumarkaði, tekið þátt í norrænni greiningu samkeppniseftirlita, t.d. á matvörumarkaði og staðið fyrir opinberri umræðu um mikilsverða hagsmuni almennings.

Lykillinn að árangursríku samkeppniseftirliti er í fyrsta lagi skýr samkeppnislög sem koma í veg fyrir og eyða samkeppnishindrunum. Í öðru lagi þarf nægt fjármagn til að sinna eftirliti og í þriðja lagi þarf verklag og umgjörð sem tryggir góða framkvæmd samkeppnislaga og hámarksnýtingu fjármuna til eftirlitsins. Samkeppnislögin og rekstrarforsendur eftirlitsins eru á forræði löggjafar- og fjárveitingarvaldsins. Skipulag og virkni Samkeppniseftirlitsins er hins vegar á ábyrgð okkar sem þar störfum. Á fyrsta starfsári höfum við hugað mjög að umgjörð og verklagi. Markmiðið hefur verið að tryggja skilvirkni, fagmennsku og aga í framkvæmd samkeppnislaga. Niðurstöðum þeirrar vinnu er lýst í skýrslunni hér á eftir.

Með þessum hætti er Samkeppniseftirlitið staðráðið í því að stuðla að virkri samkeppni almenningi til hagsbóta.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri

Stjórn Samkeppniseftirlitsins:

Gylfi Magnússon,
dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, formaður.

Jóhann R. Benediktsson,
sýslumaður á Keflavíkurlflugvelli.

Jóna Björk Helgadóttir,
héraðsdómslögmaður.

Varamenn í stjórn:

Eyvindur G. Gunnarsson
hæstaréttarlögmaður.

Jónína S. Lárusdóttir,
skrifstofustjóri, iðnaðar- og
viðskiptaráðuneyti.

Stefanía K. Karlsdóttir,
bæjarstjóri Árborgar.

Forstjóri - yfirstjórn:

Páll Gunnar Pálsson
forstjóri

Guðmundur Sigurðsson
aðstoðarforstjóri

Ásgeir Einarsson
aðallögfræðingur



Ný samkeppnislög - breytt stjórnarsýsla

Samkeppniseftirlitið tók til starfa 1. júlí 2005, en þá tóku gildi ný samkeppnislög, nr. 44/2005. Með sömu lögum voru Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð lögð niður.

Nýju lögunum er ætlað að stuðla að markvissari framkvæmd samkeppnislaga og eflingu samkeppniseftirlits. Í því skyni var stjórnarsýsla við framkvæmd samkeppnislaga breytt. Ein stofnun, Samkeppniseftirlitið, sinnir nú rannsóknum og tekur ákvarðanir á sviði samkeppnismála, sem áður voru í höndum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Forstjóri sækir umboð sitt til stjórnar, annast daglega stjórnun og tekur ákvarðanir f.h. stofnunarinnar, en

ber meiriháttar ákvarðanir undir stjórn til samþykktar eða synjunar. Stjórn mótar áherslur í starfi Samkeppniseftirlitsins og fylgist með starfsemi þess og rekstri.

Lagabreytingunum var einnig ætlað að styrkja áherslur í starfi Samkeppniseftirlitsins. Í því skyni var eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins fært úr höndum samkeppnisyfirvalda til Neytendastofu, sem nú fer með þau verkefni.

Samkeppnislög nr. 8/1993:

Áfrýjunarnefnd – Úrskurðir á kærustigi í samkeppnis-málum og málum sem varða óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi.

Samkeppnisráð – Nær allar formlegar ákvarðanir í samkeppnismálum og málum sem varða óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi. Skipað af viðskiptaráðherra.

Samkeppnisstofnun – Undirbúningur mála sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafanefndir þess og umsjón með daglegum störfum ráðsins. Tekur ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Forstjóri skipaður af viðskiptaráðherra.

Samkeppnislög nr. 44/2005:

Áfrýjunarnefnd – Úrskurðir á kærustigi í samkeppnismálum.

Samkeppniseftirlitið – Ákvarðanir í samkeppnismálum (verkefni er varða óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi flutt til Neytendastofu).

Stjórn – mótar áherslur í starfi og fylgist með starfsemi og rekstri.

Meiriháttar efnislegar ákvarðanir bornar undir stjórn til samþykktar eða synjunar. Stjórnin er skipuð af viðskiptaráðherra.

Forstjóri – Annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Forstjóri er ráðinn af stjórn.





Hvernig stuðlar Samkeppniseftirlitið að virkri samkeppni?

Samkeppniseftirlitið annast framkvæmd samkeppnislaga, en markmið þeirra er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Með starfi sínu vinnur Samkeppniseftirlitið gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðveldar aðgang nýrra keppnauta að markaðnum.

Samkeppniseftirlitið sinnir hlutverki sínu með margvíslegum athugunum og rannsóknum á fyrirtækjum og samkeppnismörkuðum, annað hvort að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvartana.

Eftirlit Samkeppniseftirlitsins tekur til hvers konar atvinnustarfsemi óháð því hvort um er að ræða einstaklinga, félög, opinbera aðila eða aðra. Eftirlitið beinist einkum að því

- hvort ólögmeitt samráð eigi sér stað
- hvort fyrirtæki misnoti markaðsráðandi stöðu sína
- hvort samruni fyrirtækja hafi samkeppnishamlandi áhrif
- hvort opinberir aðilar vinni gegn markmiðum samkeppnislaga og
- hver áhrif eigna- og stjórnunartengsla séu á samkeppnisumhverfið

Úrræði Samkeppniseftirlitsins til að framfylgja samkeppnislögum eru margvísleg. Samkeppniseftirlitið getur þannig m.a.

- stöðvað brot á samkeppnislögum og mælt fyrir um breytingar á atferli hins brotlega eða skipulagi
- ógilt samruna fyrirtækja eða sett þeim skilyrði
- beitt stjórnvaldssektum ef samkeppnislög eru brotin eða ákvarðanir eftirlitsins virtar að vettugi og
- beint tilmælum eða bindandi fyrirmælum til opinberra aðila

Samkeppniseftirlitið er málsvari hagsmuna almennings og fyrirtækja um virka samkeppni á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Nefna má að Samkeppniseftirlitið

- heldur úti vefsíðu, þar sem finna má margvíslegar upplýsingar um samkeppnismál hér á landi og erlendis
- heldur reglulega opna fundi eða ráðstefnur um samkeppnismál
- tekur þátt í erlendu samstarfi um athuganir á einstökum mörkuðum og kynnir niðurstöður þeirra athugana og áherslur eftirlitsins af því tilefni
- kynnir stærri verkefni sérstaklega, m.a. með því að gefa út fréttatilkynningar og halda fréttamannafundi
- veitir umsögn um lagafrumvörp og aðrar breytingar sem áhrif hafa á samkeppnismál
- er almennt tilbúið að fjalla opinberlega um samkeppnismál, svo fremi það skaði ekki yfirstandandi rannsóknir

Hvernig er hægt að fá mál tekin upp hjá Samkeppniseftirlitinu?

Til þess að Samkeppniseftirlitið geti gegnt hlutverki sínu er mikilvægt að því berist upplýsingar um ætluð brot á samkeppnislögum.

Hafi einhver rökstudda vitneskju um brot tiltekinna aðila á samkeppnislögum – eða álitur að samkeppnislög séu á sér brotin – getur hann leitað til Samkeppniseftirlitsins. Um tvennt er að velja; beina ábendingu til eftirlitsins eða senda formlega kvörtun um tiltekið málefni. Hafi kvartandi lögvarinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins getur hann orðið aðili að því, en í því felst m.a. að hann fær að tjá sig um málið á meðan meðferð þess stendur yfir.

Hægt er að senda ábendingar með ýmsum hætti. Auðveldast er að senda þær í gegnum vefsíðuna, ýmist með nafni eða nafnlaust. Einnig er hægt að senda ábendingu í tölvupósti (samkeppni@samkeppni.is), koma henni á framfæri í símtali eða með öðrum hætti.

Mikilvægt er að ábendingum fylgi eins góður rökstuðningur og kostur er – og eftir atvikum gögn eða tilvísun í gögn, svo hægt sé að meta hvort ástæða sé til aðgerða. Reynist svo vera hefur Samkeppniseftirlitið rannsókn að eigin frumkvæði.

Formlegar kvartanir þarf að undirbúa vel. Vel undirbúin og ígrunduð kvörtun, sem studd er tiltækum gögnum, greiðir fyrir úrvinnslu. Á vefsíðu

Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is, er að finna ítarlegar leiðbeiningar um það hvaða skilyrði kvörtunin þarf að uppfylla til að hún verði tekin upp með aðild þess er kvartar. Uppfylli erindið ekki þessi skilyrði er farið með það sem ábendingu. Hún kann síðar að leiða til þess að Samkeppniseftirlitið hefji athugun á málinu að eigin frumkvæði.

Allar kvartanir sem Samkeppniseftirlitinu berast eru teknar til umfjöllunar. Metið er í hverju tilviki hvort tilefni eða forsendur séu til að hefja rannsókn. Við mat er horft til nokkurra grunnþátta. M.a. hvort meint brot eða samkeppnishömlur virðist vera alvarlegar, hvort meint brot eða samkeppnishömlur varði ekki aðeins viðskiptahagsmuni þess er kvartar, heldur geti haft viðtækari skaðleg áhrif á samkeppni. Ennfremur hvort fyrirtæki sem kvartað er yfir hafi látið af starfsháttum sem voru tilefni kvörtunar eða hvort sá er kvartar geti gætt viðkomandi hagsmuna sinna fyrir dómstólum.

Sé ástæða til rannsókna ræðst tímasetning hennar og skipulagning að öðru leyti af aðstæðum og verkefnaálagi.

Á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is, má finna ítarlegar upplýsingar um framangreint svo og málsmeðferðarreglur o.fl.





Hvað taka mál langan tíma hjá Samkeppniseftirlitinu?

Samkeppniseftirlitið keppir að því að taka vel rökstuddar ákvarðanir innan eðlilegra tímamarka. Eftirfarandi atriði ráða mestu um það hversu langan tíma mál eru í meðferð hjá Samkeppniseftirlitinu:

Umfang máls

Mál hjá Samkeppniseftirlitinu eru misjafnlega umfangsmikil og flókin. Ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem birtar eru á vefsíðunni geta verið allt frá tveimur upp í tæplega eitt þúsund síður.

Málsaðild

Því fleiri sem málsaðilar – og aðrir sem afla þarf gagna eða sjónarmiða hjá – eru, þeim mun lengri tíma getur málið tekið. Oft gleymist að bið eftir gögnum og sjónarmiðum aðila er verulegur hluti þess tíma sem meðferð máls tekur.

Kröfur um vandaða málsmeðferð

Stjórnsýslulög setja Samkeppniseftirlitinu og öðrum stjórnsýslustofnunum strangar reglur um rannsókn mála, andmælarétt o.fl. Asi við málsmeðferð kynni að rýra gildi niðurstöðunnar.

Forgangsröðun

Brýn mál sem eru til meðferðar teifa oft meðferð annarra mála. Sem dæmi má nefna að ákvörðun um íhlutun eða ógildingu samruna þarf samkvæmt lögum að taka innan fjögurra mánaða frá því að fullbúin gögn bárust Samkeppniseftirlitinu. Samrunamál eru því tekin fram fyrir mál sem ekki lúta lögbundnum tímafresti.

Mannafli og rekstrarforsendur

Talsvert vinnuálag er á starfsmönnum Samkeppniseftirlitsins. Það og rekstrarforsendur stofnunarinnar hefur að sjálfsögðu áhrif á málshraða.

Stefna Samkeppniseftirlitsins og markmið um árangursstjórnun miða m.a. að því að flýta afgreiðslu mála. Af fyrrgreindum ástæðum er hins vegar ekki hægt að útiloka óæskilegar tafir á meðferð einstakra mála. Tafir eiga þó ekki að verða nema ríkar ástæður séu fyrir þeim.

Skipurit sniðið að árangurs- og verkefnastjórnun

Samkeppniseftirlitið hefur sett sér skipurit. Til grundvallar því liggja eftirfarandi markmið:

- Að góð yfirsýn sé yfir tiltekna kjarnamarkaði og meginverkefni
- Að fyrirliggjandi þekking og reynsla nýtist á hverjum tíma í þau verkefni sem vinna þarf
- Að Samkeppniseftirlitið og einstakar einingar þess vinni saman sem ein heild


Í skipuritinu (ysta hring) eru skilgreindir tíu kjarnamarkaðir sem spanna öll svið atvinnulífsins. Öllum verkefnum Samkeppniseftirlitsins, sem beinast að tilteknum þáttum atvinnulífsins, er hægt að finna stað í skipuritinu (t.d. heyra matvörumarkaður og olíuvörur undir markaðinn neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.). Þá hafa verið skilgreindir yfir 60 undirflokkar undir þessum kjarnamörkuðum. Tilgangurinn er sá að byggja upp og viðhalda góðri yfirsýn og þekkingu á helstu mörkuðum. Það gerir stofnuninni m.a. betur kleift að forgangsraða og móta áherslur í starfi sínu.

Einnig eru í skipuritinu skilgreind meginverkefni (miðjuhringur) sem mikilvægt er að fela umsjón sérfræðinga í því skyni að auka yfirsýn og efla þekkingu á viðkomandi verkefnum.

Sérfræðingar Samkeppniseftirlitsins bera ábyrgð á umsjón með mörkuðum og verkefnum. Staðsetning hvers starfsmanns í skipuriti ræðst fyrst og fremst af því hvar þekking hans og reynsla nýtist best með hliðsjón af áherslum og forgangs röðun stofnunarinnar á hverjum tíma.


Þá er yfirstjórn stofnunarinnar í miðju skipuritsins. Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á daglegri starfsemi stofnunarinnar. Aðstoðarforstjóri og aðallögfræðingur bera skilgreinda ábyrgð á faglegum úrlausnum og verkefnum stofnunarinnar. Aðstoðarforstjóri er staðgengill forstjóra.

Rekstur Samkeppniseftirlitsins heyrir beint undir forstjóra en dagleg framkvæmd er í höndum umsjónarmanns rekstrarmálefna.



Stefnukort SE

Samkeppniseftirlitið stuðlar að virkri samkeppni almenningi til hagsbóta



Samkeppniseftirlitið setur sér markmið og hyggst fylgja þeim eftir með mælingum

Samkeppniseftirlitið hefur mótað sér stefnu sem byggir á sjónarmiðum árangursstjórnunar. Í því felst m.a. að Samkeppniseftirlitið setur sér markmið og mælanleg viðmið sem fylgt er eftir. Ætlunin er að endurskoða reglulega stefnu, markmið og viðmið í samræmi við áherslur á hverjum tíma og í ljósi fenginnar reynslu.

Á kortinu hér að ofan setur Samkeppniseftirlitið fram stefnumið í fjórum

undirstöðupáttum; afrakstri, innri ferlum, mannaði og fjármálum. Þessi stefnumið eru síðan útfærð nánar og mælanleg viðmið skilgreind til að fá nánari vitneskju um hvert skuli stefna. Þau eru hluti af innra skipulagi stofnunarinnar og verða í stöðugri þróun á næstu misserum.



Erlent samstarf og símenntun lykilþættir í mótun skilvirks samkeppniseftirlits

Þekkingarupbyggingu hraðað með símenntun

Mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið búi á hverjum tíma yfir eins góðri þekkingu og reynslu og kostur er. Til að stuðla að þessu setur Samkeppniseftirlitið sér símenntunarstefnu sem tekur til hvers konar námskeiða, starfsnáms og annarrar menntunar starfsmanna svo og tímarita- og bókakaupa. Í stefnunni setur Samkeppniseftirlitið sér markmið um að verja árlega til símenntunar fjárhæð sem nemur tilteknu hlutfalli af launakostnaði stofnunarinnar. Fræðslunefnd, sem skipuð er þremur starfsmönnum, annast undirbúning og framkvæmd símenntunarstefnunnar.

Hliðsjón höfð af þróun samkeppniseftirlits og niðurstöðum samkeppnismála erlendis

Samkeppniseftirlitið tekur þátt í erlendu samstarfi í samræmi við verksvið þess. Samstarfinu má skipta í þrennt; norrænt, evrópskt og annað alþjóðlegt samstarf.


Erlenda samstarfið felst í þátttöku í fundum í nefndum og hópum sem fjalla um samkeppnismál og -reglur, svo og verkefnavinnu í vinnuhópum sem fjalla um afmarkaða þætti samkeppnismála. Markmiðið

er að efla tengsl samkeppnisyrvalda innbyrðis með það fyrir augum að auka þekkingu þeirra sem starfa við rekstur samkeppnismála svo og að rannsaka og bregðast við álitafnum í samkeppni á tilteknum mörkuðum.

Samkeppnisyrvald Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands, Færeyja og Grænlands hafa reglubundið samstarf sín á milli. Vinnuhópar eru starfandi á tilteknum sviðum, auk þess sem árlega hefur verið unnið að sértækum verkefnum í vinnuhópum sem hafa birt niðurstöður vinnu sinnar í skýrslum sem norrænu samkeppnisyrvaldin gefa út. Dæmi um slíkt er skýrsla um samkeppni á norrænum matvörumörkuðum sem gefin var út í desember 2005.

Á Evrópuvettvangi tekur Samkeppniseftirlitið annars vegar þátt í samstarfi á grundvelli EES-samningsins og hins vegar í samstarfi evrópskra samkeppnisyrvalda. Um er að ræða samstarf á vettvangi EFTA, Evrópusambandsins, og ECA (European Competition Authorities.)

Þá tekur Samkeppniseftirlitið þátt í umfjöllun OECD um samkeppnismál og er aðili að alþjóðlegum samtökum samkeppniseftirlita (ICN, International Competition Network).



Samkeppniseftirlitið á Netinu

1. Hyggist þú kvarta formlega vegna háttsemi keppnauta eða stjórnvalda, eru hér ítarlegar upplýsingar um hvernig undirbúa þarf málið.
2. Ársskýrslur, norrænar skýrslur um samkeppnismál, ræður o.fl.
3. Upplýsingar um áfrjúnarnefnd og úrskurði hennar.
4. Samkeppnislögin, málsmeðferðarræglur og aðrar reglur sem Samkeppniseftirlitið hefur sett um starfsemi sína.
5. Upplýsingar um hvenær og hvernig tilkynna þarf samruna, auk þess sem áhugasömum gefst kostur á að setja fram ábendingar um samruna sem eru til athugunar.
6. Allar ákvarðanir samkeppnis-yfirvalda, eftir árum, mörkuðum eða tegund mála.
7. Ítarleitin er góð lausn ef þú vilt finna eitthvað eftir leitarorði.
8. Hér getur þú orðið áskrifandi að nýju efni á vefsíðunni og færð þá tölvupóst þegar nýtt efni kemur á síðuna. Hægt er að velja um að vera áskrifandi að fréttum, ákvörðunum eða öllu efni.
9. Ólögmaett samráð er almennt talið alvarlegast samkeppnislaga-brota. Hér eru upplýsingar um í hverju slík brot geta verið falin og tínd til dæmi. Einnig eru leiðbeiningar um hvernig fyrirtæki geta upplýst um ólögmaett samráð og aðstoðað við rannsókn, gegn því að sektir verði felldar niður eða lækkaðar.
10. Hér er hægt að koma á framfæri ábendingum um samkeppnislaga brot. Vefsíðan veitir einnig leiðbeiningar um í hverju brot getur falist. Ábendingarnar má gefa nafnlaust. Þetta er t.d. kjörinn vettvangur fyrir starfsmenn fyrirtækja sem stunda ólögmaett samráð til að létta á samviskunni.
11. Ertu með fyrirspurn? Samkeppniseftirlitið leitast við að svara fyrirspurnum, en annir geta þó tafið svör.
12. Upplýsingar um vefsíður fjölmargra innlendra og erlendra aðila sem fjalla um samkeppnismál, s.s. systureftirlita í nágrennalöndum.
13. Margvíslegar upplýsingar um stjórnslu, skipulag, málsmeðferð og fleira.
14. Ákvarðanir eftirlitsins eru ekki þýddar, heldur einungis heiti ákvarðana og niðurstaða. Í helstu málum er útdráttur ákvörðunar eða fréttatilkynning þó þýdd á ensku.
15. Vefsíðan er líka á ensku. Þar er þýðing á nær öllum efnisatriðum íslensku síðunnar, svo sem lýsingum á eftirlitinu, lögum og reglum o.fl.



Verkefni á árinu 2005

Árið 2005 var ár breytinga hjá samkeppnisyfirvöldum. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð voru lögð niður og Samkeppniseftirlitið tók til starfa. Í stofnun Samkeppniseftirlitsins fólst tækifæri til að huga vel að fyrirkomulagi eftirlits með samkeppnismálum. Nýtt skipulag, endurskoðaðar málsmæðferðarreglur, árangursstjórnun og ný heimasíða eru dæmi um þetta. Í köflunum hér að framan eru meginatriði þessarar vinnu reifuð. Að ýmsu leyti hafa framangreindar breytingar leitt til uppstokkunar á verklagi eftirlitsins. Má þar nefna að Samkeppniseftirlitið hefur eftir breytingarnar skýrara forræði á því hvaða mál skuli tekin til meðferðar og hver ekki.

Ætla má að síðustu ár hafi 60-100 mál verið til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum á hverjum tíma. Þessi mál eru jafn margbreytileg að eðli og umfangi og þau eru mörg. Mörgum málum lýkur með skemtri athugun sem ekki leiðir til opinberlega birtrar ákvörðunar. Dæmi um þetta eru frávisanir eða að athuganir eru felldar niður vegna þess að umrædd ágreiningsmál eru leyst af hlutaðeigandi aðilum, stundum eftir afskipti Samkeppniseftirlitsins. Öðrum lýkur með ákvörðun sem birt er opinberlega á vefsíðu eftirlitsins. Oft er um viðamiklar ákvarðanir að ræða, sem þarfnast ítarlegs undirbúnings. Ákvörðun getur teygst sig upp í tugi eða hundruð blaðsíðna. Allmörg dæmi eru um mál sem útheimt hafa nokkur ársverk í vinnslu.

Þegar Samkeppniseftirlitið hóf störf þann 1. júlí 2005 tók það við meðferð tæplega 80 mála sem til umfjöllunar höfðu verið af hálfu Samkeppnisstofnunar. Í lok árs 2005 hafði þeim málum fækkað í rúmlega 50. Á seinni hluta ársins voru um 45 ný stjórnáslumál skráð til meðferðar og var um helmingi þeirra lokið fyrir árslok. Í heild hélst málafljöldi því í horfinu á síðari hluta ársins 2005.

Ólögmeitt samráð

Tvö mál skáru sig úr á árinu 2005. Í lok árs 2004 var kærð til áfrýjunarnefndar ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004, um ólögmeitt samráð olúfélaganna. Umfjöllun áfrýjunarnefndar lauk með úrskurði nefndarinnar nr. 3/2004, sem kveðinn var upp í lok janúar 2005. Í kjölfarið stefndu öll umrædd olúfélög samkeppnisráði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar. Samkeppniseftirlitið tók síðar á árinu við fyrirsvari vegna málanna. Á árinu óskuðu nokkrir viðskiptavinir olúfélaganna eftir upplýsingum og gögnum frá samkeppnisyfirvöldum um brot einstakra olúféлага á samkeppnislögum í því skyni að undirbúa skaðabótakröfur á hendur viðkomandi. Orðið var við þessum beiðnum eins og unnt var.

Í ákvörðun nr. 9/2005 sektaði samkeppnisráð Sjóvá-Almennar tryggingafélag hf, Tryggingamiðstöðina hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. fyrir ólögmeitt samráð við upptöku sk. Cabas-tjónamatskerfis við bifreiðaréttingar og -sprautun. Sektir Sjóvár-Almennra voru ákveðnar 27 m. kr. en sektir Vátryggingafélags Íslands hf. og Tryggingamiðstöðvarinnar voru lægri í ljósi þess að félögin undirgengust sátt í málinu og aðstoðuðu við að upplýsa um brotin. Ákvörðunin og sektarfjárhæð Sjóvár-Almennra var staðfest í áfrýjunarnefnd og í maí 2006 felldi Héraðsdómur Reykjavíkur dóm á sama veg.

Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Samkeppnisyfirvöld fengust á árinu 2005 við allmörg mál er vörðuðu meinta misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Nefna má í því sambandi að í apríl 2005 tók Samkeppnisstofnun bráðabirgðaákvörðun vegna rannsóknar á samningum Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) við nokkur flugfélög. Komist var að þeirri niðurstöðu að félagið hefði

misnotað markaðsráðandi stöðu sína þegar það gerði flugafgreiðslusamning við þýska flugfélagið LTU, en félagið hafði áður keypt þjónustu af Vallarvinum ehf. Mælt var fyrir um að IGS væri óheimilt að gera eða framkvæma samninga um flugafgreiðslu vegna farþegaflugs á Keflavíkurflugvelli sem fælu í sér einkakaup á þeirri þjónustu félagsins og selja þá þjónustu félagsins á verði sem ekki stæði undir föstum og breytilegum kostnaði við hverja afgreiðslu. Rannsókninni lauk svo í mars 2006 með ákvörðun nr. 9/2006, en í ákvörðuninni var IGS gert að greiða 80 m. kr. sekt fyrir að brjóta samkeppnislög með því að misnota yfirburðastöðu sína á markaði fyrir þjónustu við farþegaflugvélar. Ákvörðunin var síðar staðfest í úrskurði áfrýjunarnefndar, en sektir lækkaðar í 60 m. kr.

Í ákvörðun nr. 10/2005 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Umferðarstofa hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir aðgang að og upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá. Þetta gerði stofnunin m.a. með því að synja Skýrr hf. um aðgang að upplýsingum úr ökutækjaskrá og með samkeppnishamlandi tilboði til lögmanna um aðgang að kennitöluuppflettingum í skránni. Ákvörðunin er dæmi um að opinberar stofnanir geta sætt ábyrgð vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.

Samrunamál

Samrunamál voru áberandi á árinu. Um 30 samrunatilkynningar bárust samkeppnisyfirvöldum, en til samanburðar má nefna að um 20 samrunatilkynningar bárust Samkeppnisstofnun árið 2004. Í fimm tilvikum var samruni samþykktur með skilyrðum á árinu 2005. Þannig voru ítarleg skilyrði sett fyrir samruna Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. (nr. 10/2005) og samruna Og fjarskipta hf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf. (nr. 12/2005). Skilyrði sem sett voru við afgreiðslu þessara mála lutu m.a. að gagnkvæmum dreifingarrétti og dreifingarskyldu sjónvarpsmerkja. Nauðsynlegt reyndist að fylgja þessum ákvörðunum eftir með frekari athugunum. Nefna má að í september 2005 tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun til bráðabirgða vegna ætlaðra brota Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. á ákvörðun nr. 10/2005. Komist var að þeirri niðurstöðu að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hefði brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005 með því að neita að afhenda Íslandsmiðli ehf. og Tengi hf. sjónvarpsmerki Enska boltans og mælt fyrir um aðgerðir til þess að tryggja að farið yrði að ákvörðuninni.

Á meðal annarra samrunamála sem samþykkt voru með skilyrðum voru kaup Vátryggingafélags Íslands hf. á Íslandstryggingu hf. og samruni Íslandstryggingar hf. og Varðar vátryggingafélags hf.,

samruni FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf. og samruni 365 ljósvakamiðla ehf. og Saga film hf.

Opinberar samkeppnishömlur

Nokkur mál er lutu að athugun á opinberum samkeppnishömlum voru til umfjöllunar á árinu 2005. Nefna má að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2005 var komist að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun heilbrigðisyfirvalda að semja ekki við klíniska sálfræðinga um greiðsluþátttöku hins opinbera í kostnaði sjúkratryggðra af geðheilbrigðisþjónustu hefði skaðleg áhrif á samkeppni og færi gegn markmiði samkeppnislaga. Beindi Samkeppniseftirlitið þeim fyrirmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hann sæi til þess að gengið yrði til samninga við sjálfstætt starfandi klíniska sálfræðinga um greiðsluþátttöku hins opinbera. Áfrýjunarnefnd felldi þessa ákvörðun úr gildi með úrskurði nr. 19/2005. Sálfræðingafélag Íslands hefur stefnt Samkeppniseftirlitinu og ríkinu og krefst þess að úrskurður áfrýjunarnefndar verði felldur úr gildi og að upphafleg ákvörðun Samkeppniseftirlitsins standi óhögguð.

Samkeppniseftirlitið hefur í starfi sínu hugað sérstaklega að stöðu matvörumarkaðar á Íslandi. Í desember 2005 kynnti Samkeppniseftirlitið skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna um matvörumarkaði á Norðurlöndum, jafnframt því sem kynntar voru sérstaklega áherslur Samkeppniseftirlitsins hér á landi. Með því var hrundið af stað umræðu um opinberar samkeppnishömlur á matvörumarkaði.

Þá má nefna að í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2005 er komist að þeirri niðurstöðu að opinber styrkveiting til mjólkurframleiðenda í formi beingreiðslna mismuni nautgripakjötsframleiðendum í landinu og fari því gegn markmiðum samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið beindi þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að hann beitti sér fyrir því að jafna samkeppnisstöðuna.

Yfirlit um ákvarðanir samkeppnisyfirvalda 2005

Á næstu síðum er yfirlit yfir ákvarðanir samkeppnisyfirvalda árið 2005. Árétta ber að yfirlitið geymir aðeins ákvarðanir og álit sem birt eru opinberlega á heimasíðu eftirlitsins, en ekki mál sem til lykta voru leidd á annan hátt.

Opinberlega birtar ákvarðanir á árinu voru 28. Af þeim fólu 11 ákvarðanir í sér íhlutun. Sektir voru ákveðnar í einu máli. Teknar voru tvær ákvarðanir til bráðabirgða á árinu og eitt álit gefið út.

Ákvarðanir og álit samkeppnisráðs, janúar –júní 2005:

Ákvarðanir:

Erindi Rannsóknastofunnar í Mjódd vegna samnings Heilsugæslunnar í Reykjavík og Rannsóknarstofnunar Landspítala-háskólasjúkrahúss. um rannsóknarþjónustu.

Númer máls: 1/2005
Dagsetning: 18.2.2005
Atvinnuvegir: Heilbrigðis- og félagsmál
Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur
Málsaðilar: Rannsóknastofan í Mjódd, Heilsugæslan í Reykjavík, Rannsóknarstofnun Landspítala-háskólasjúkrahúss.
Niðurstaða: Ekki íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 6/2005).

Erindi Ferðaþjónustu Reykjavíkur ehf. er varðar starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík.

Númer máls: 2/2005
Dagsetning: 18.1.2005
Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál
Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur
Málsaðilar: Ferðaþjónusta Reykjavíkur ehf., Upplýsingamiðstöð ferðamála í Reykjavík.
Niðurstaða: Íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun felld út gildi (úrskurður í máli nr. 6/2005).

Ólögmeitt samráð tryggingafélaganna við að taka upp Cabas-tjónamatskerfi við bifreiðaréttingar og –sprautun.

Númer máls: 9/2005
Dagsetning: 23.2.2005
Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta
Efni máls: Ólögmeitt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Sjóva-Almennar hf., Tryggingamiðstöðin hf., Vátryggingafélag Íslands hf.
Niðurstaða: Íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 8/2005)

Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.

Númer máls: 10/2005.
Dagsetning: 11.3.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Landssími Íslands hf., Íslenska sjónvarpsfélagið hf.
Niðurstaða: Íhlutun

Ósk olúfélaganna um undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga til að skipta upp á milli félaganna bensínstöðvum í sameiginlegum rekstri þeirra.

Númer máls: 11/2005
Dagsetning: 11.3.2005
Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.
Efni máls: Ólögmeitt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Olúfélögin
Niðurstaða: Íhlutun

Samruni Og fjarskipta hf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf.

Númer máls: 12/2005
Dagsetning: 23.3.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Og fjarskipti hf., 365 ljósvakamiðlar ehf., 365 prentmiðlar ehf.
Niðurstaða: Íhlutun

Samruni Og fjarskipta hf. og Línu.nets hf.

Númer máls: 13/2005
Dagsetning: 25.4.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Og fjarskipti hf., Lína.net hf.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Kaup Vátryggingafélags Íslands hf. á Íslandstryggingu hf. og samruni Íslandstryggingar hf. og Varðar vátryggingafélags hf.

Númer máls: 14/2005
Dagsetning: 24.5.2005
Atvinnuvegir: Sérfræðipjónusta og önnur þjónusta
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Vátryggingafélag Íslands hf., Íslandstrygging hf., Vörður vátryggingafélag hf.
Niðurstaða: Íhlutun

Erindi Stálflex vegna rammasamninga Ríkiskaupa.

Númer máls: 16/2005
Dagsetning: 7.6.2005
Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.
Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur
Málsaðilar: Stálflex, Ríkiskaup.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Kvörtun fasteignasöluinnar Húsin í bænum vegna verðmata Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Númer máls: 17/2005
Dagsetning: 7.6.2005
Atvinnuvegir: Sérfræðipjónusta og önnur þjónusta
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Fasteignasalan Húsin í bænum, Sameinaði lífeyrissjóðurinn.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Samruni FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf.

Númer máls: 20/2005
Dagsetning: 16.6.2005
Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: FL Group hf., Bláflug hf., Flugflutningar ehf.
Niðurstaða: Íhlutun

Erindi Og fjarskipta hf. vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu við kynningu og markaðssetningu á tilboði fyrirtækisins undir heitinu „Allt saman hjá Símanum“.

Númer máls: 21/2005
Dagsetning: 22.6.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Og fjarskipti hf., Landssími Íslands hf.
Niðurstaða: Íhlutun

Erindi Guðmundar Tyrfingssonar hf. vegna viðauka við samning Fjölbrautaskóla Suðurlands og Kynnisferða hf. um skólaakstur.

Númer máls: 22/2005
Dagsetning: 22.6.2005
Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál
Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur
Málsaðilar: Guðmundur Tyrfingsson hf., Fjölbrautaskóli Suðurlands, Kynnisferðir hf.
Niðurstaða: Ekki íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 16/2005)

Beiðni olíufélaganna um undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga til rekstrar sameiginlegrar eldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli.

Númer máls: 27/2005
Dagsetning: 22.6.2005
Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Ker hf., Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf., Bensínorkan ehf.
Niðurstaða: Íhlutun

Bráðabirgðaákvæðanir:**Ákvörðun til bráðabirgða: Krafa Vallarvina ehf. um íhlutun vegna samnings Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli (IGS).**

Númer máls: 1/2005
Dagsetning: 29.4.2005
Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Vallarvínir ehf., Keflavíkurflugvöllur ehf., Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli ehf.
Niðurstaða: Íhlutun

Ákvarðanir og álit Samkeppniseftirlitsins, júlí – desember 2005:

Ákvarðanir:

Erindi INTER vegna reksturs Internetþjónustu Símans.

Númer máls: 1/2005
Dagsetning: 22.9.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.
Málsaðilar: Inter, Landssími Íslands hf.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Erindi Homo Habilis ehf. -vegna meintrar misnotkunar Morgunblaðsins á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir fasteignaauglýsingar.

Númer máls: 2/2005
Dagsetning: 22.9.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Homo Habilis ehf., Morgunblaðið.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Krafa Fornleifafræðistofunnar um fjárhagslegan aðskilnað hjá Náttúrustofu Vestfjarða.

Númer máls: 3/2005
Dagsetning: 22.9.2005
Atvinnuvegir: Mennta- og menningarmál
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Fornleifafræðistofa, Náttúrustofa Vestfjarða.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Krafa Fornleifastofunnar um fjárhagslegan aðskilnað hjá Byggðasafni Skagfirðinga.

Tegund máls: 4/2005
Dagsetning: 22.9.2005
Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur
Málsaðilar: Fornleifastofa, Byggðasafn Skagfirðinga.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Erindi Þreks ehf. vegna leigusamnings Kópavogsbæjar við Medic Operating AB.

Númer máls: 5/2005
Dagsetning: 22.9.2005
Atvinnuvegir: Heilbrigðis- og félagsmál
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Þrek ehf., Kópavogsbær, Medic Operating AB.
Niðurstaða: Ekki íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun felld úr gildi (úrskurður í máli nr. 18/2005)

Samruni Atorku Group hf. og Besta ehf.

Númer máls: 6/2005
Dagsetning: 22.9.2005
Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Atorka Group hf., Besta ehf.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Samruni Landsbanka Íslands hf. og hluta Burðaráss hf. og Straums.

Númer máls: 7/2005
Dagsetning: 27.9.2005
Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Landsbanki Íslands hf., Burðarás hf., Straumur fjárfestingarbanki hf.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Kvörtun Sálfræðingafélags Íslands vegna synjunar heilbrigðisyfirvalda um að semja um greiðslubátttöku í kostnaði sjúkratryggðra við sálfræðimeðferð.

Númer máls: 8/2005
Dagsetning: 11.10.2005
Atvinnuvegir: Heilbrigðis- og félagsmál
Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur
Málsaðilar: Sálfræðingafélag Íslands, heilbrigðisyfirvöld.
Niðurstaða: Íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun felld úr gildi (úrskurður í máli nr. 19/2005)

Framhaldsrannsókn vegna erindis Harðar Einarssonar hrl. um meintar samkeppnishömlur í samþykktum séreignarlífeyrissjóða.

Númer máls: 9/2005
Dagsetning: 11.10.2005
Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Hörður Einarsson hrl., séreignarlífeyrissjóðir.
Niðurstaða: Ekki íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 9/2005)

Erindi Skýrr hf. vegna misnotkunar Umferðarstofu á markaðsráðandi stöðu.

Númer máls: 10/2005
Dagsetning: 27.10.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Ólöglegt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu
Málsaðilar: Skýrr hf., Umferðarstofa.
Niðurstaða: Íhlutun
Kæra til áfrýjunarn: Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 17/2005)

Samruni Landsbanka Íslands hf. og Lánasjóðs landbúnaðarins.

Númer máls: 11/2005
Dagsetning: 27.10.2005
Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Landsbanki Íslands hf., Lánasjóður landbúnaðarins.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Samruni 365 ljósvakamiðla ehf. og Saga film hf.

Númer máls: 12/2005
Dagsetning: 17.11.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: 365 ljósvakamiðlar ehf., Saga film hf.
Niðurstaða: Íhlutun

Kaup O.W. Bunker & Trading A/S á helmingi hlutafjár í O.W. Úthafsolíu ehf.

Númer máls: 13/2005
Dagsetning: 8.12.2005
Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: O.W. Bunker & Trading A/S., O.W. Úthafsolía ehf.
Niðurstaða: Ekki íhlutun

Samvinna Vátryggingafélags Íslands hf. og Varðar-Íslandstryggingar hf.

Númer máls: 14/2005
Dagsetning: 16.12.2005
Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Vátryggingafélag Íslands hf., Íslandstrygging hf.
Niðurstaða: Íhlutun

Bráðabirgðaákvæðanir:

Ákvörðun til bráðabirgða: Ætluð brot Íslenska sjónvarpsfélagsins á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005.

Númer máls: 1/2005
Dagsetning: 12.9.2005
Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun
Efni máls: Samrunamál
Málsaðilar: Íslenska sjónvarpsfélagið, Tengi, Íslandsmiðlun, Landssími Íslands hf.
Niðurstaða: Íhlutun

Álit:

Mismunur í opinberri styrkveitingu til framleiðenda nautgripakjöts.

Númer máls: 1/2005
Dagsetning: 22.12.2005
Atvinnuvegir: Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.
Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur
Málsaðilar: Bændasamtök Íslands, nautgripakjötsframleiðendur.
Niðurstaða: Tilmæli til landbúnaðarráðherra um að jafna samkeppnisstöðu nautgripakjötsframleiðenda.



SAMKEPPNI SEFTIRLITID

Rauðarárstíg 10, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík • www.samkeppni.is • samkeppni@samkeppni.is